

Ed. 725. Tillaga til þingsályktunar [309. mál]

um húsnæði menningarstofnana ríkis og sveitarfélaga o. fl.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Alexander Stefánsson, Jón Helgason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga:

1. Yfirlit um húsnæðisþörf safna og annarra opinberra menntastofnana utan skólakerfisins.
2. Drög að áætlun um röð framkvæmda.
3. Drög að kostnaðaráætlun og áætlun um fjármögnun.
4. Yfirlit um fjárhagslegan stuðning hins opinbera við listir og önnur menningarmál.

Stefnt skal að því að niðurstöður liggi fyrir svo fljótt sem tök eru á og að unnt verði að kynna þær á næsta reglulegu Alþingi.

Greinargerð.

Íslendingum er ærinn vandi á höndum að byggja yfir menningarstofnanir sínar. Ber einkum tvennt til. Þjóðin er fámenn og sameiginleg þjónusta því hlutfallslega dýr. Og þessum þætti uppbyggingar hafa ekki verið gerð mikil skil á síðustu áratugum með þeim afleiðingum, að óleyst verkefni hafa hlaðist upp.

Alþýða manna kappkostar að byggja yfir sig. Einstaklingarnir leggja hart að sér með þeim árangri, að óviða á stærri hluti þegnanna eigið húsnæði en einmitt hér á landi.

Öðru máli gegnir um ríkið sjálft. Alþingi, stjórnarráðið og ýmsar ríkisstofnanir búa við óhagræði vegna þrengsla eða óheppilegra leigukjara. Þar á meðal eru ýmsar þýðingarmiklar menningarstofnanir. Má sem dæmi nefna helstu bókasöfn, svo sem Landsbókasafn og Háskólabókasafn og svo Þjóðskjalasafnið, einnig Listasafn Íslands, Ásgrímssafnið, Listasafn Einars Jónssonar o. s. frv. Þá má nefna stofnanir eins og Náttúrugripasafn, Sjóminjasafn, sem oft hefur verið rætt um að stofna, og Þjóðminjasafnið, sem að vísu fær úrlausn sinna mála þegar Listasafn Íslands kemst í eigið húsnæði. Enn má minna á, að við eigum ekki hentugt húsnæði fyrir hljómleika og að útvarpið hefur verið á hrakhólum í hálfu öld.

Hér verður ekki allt gert í einu fremur en annars staðar í þjóðfélaginu. Í nokkrum þeim tilvikum, sem nefnd voru hér að framan, er verk hafið, en þá yfirleitt á byrjunarstigi.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja, að hér sé svo margt framundan, og sumt næsta aðkallandi, að skynsamlegt sé að setjast niður að skipuleggja framhaldið: raða verkefnum og gera sér grein fyrir möguleikum til að fjármagna þau.

Þá er og lagt til að gerð verði úttekt á fjárhagslegum stuðningi hins opinbera við einstakar listgreinar og aðra þætti menningarmála, eftir því sem aðstæður leyfa og ástæða þætti til.